

föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 6. mars 2009

BÓNORÐ ÚTI Í MÓA

Katrínu Rut
Bessadóttur
leist ekkert á
Helga Seljan við
fyrstu sýn.

* ALGJÖR ABBA * DROTTNING

Pórunn Erna Clausen syngur Abba lög og leikstýrir Mamma Mia söngleik.

* FRELSIÐ Í FYRIRRÚMI

Sóley Ástudóttir segir frá því nýjast í förðun, vor- og sumartískunni.

* KÆRASTINN MJÖG STOLTUR

Magdalena Dubik nýkjörin Ungfrú Reykjavík hefur verið á föstu í tvö ár.

núna

* fylgist vel með

ANDREA RÓBERTSDÓTTIR FJÖLMÍÐLAKONA

„Ég er að safna mér saman eftir flensu en ætli ég kiki ekki á Torgið þar sem ég er að fá aðstöðu hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands til að vinna og þróa Jórunnarhjórtun mín. Á morgun er síðan bland í poka. Alþjóðlegur baráttudagur kvenna er á sunnudaginn og kvöldinu varið með yndislegum konum.“



Vilja U2 til Íslands

Peir sem óska þess heitt og innilega að einn daginn muni hljómsveitin U2 troða upp á Íslandi geta sýnt viljann í verki með því að mæta á tónleika á Nasa annað kvöld. Tónleikarnir standa yfir milli 21 og 23, á undan dansleik Sálarrinnar, og rennur hluti miðaverðisins til félagsins U2 til Íslands sem berst fyrir því að fá goðin til að halda tónleika hér á landi. Hljómsveitina skipa Birgir Nielsen og Gunnar Þór Eggertsson úr Landi og sonum, Friðrik Sturluson úr Sálinni og Rúnar Örn Friðriksson úr Sixties. Ekkert verður til sparað á tónleikunum þar sem þekktustu lög U2 munu hljóma og nýjustu breiðskífu sveitarinnar verður fagnað.



Þetta HELST

Dalton með djarfa dansara

„Þetta er burlesque-danshópur sem dansar og syngur með okkur nokkur lög,“ segir Böðvar Reynisson, betur þekktur sem Böddi í Dalton, um liðsaúkann sem strákarnir í hljómsveitinni hafa fengið. „Þær eru tvær til fjórar alla jafna, klæða sig erótískt upp og dansa með okkur allt gígglið. Eðli málsins samkvæmt eru strákar mjög kátir með þetta,“ bætir hann við, en hljómsveitin og danshópurinn troða upp á Dillon Sportbar í Hafnarfirði í kvöld.



Þórunn Erna Clausen syngur, leikur og leikstýrir:

SYNGUR ABBA OG LEIKSTÝRIR MAMMA MIA

Ég hoppa bara milli æfinga í Borgarleikhúsinu og Garðabæ og syng svo á Broadway um helgar,“ segir Þórunn Erna Clausen leikkona sem hefur í mörgu að snúast þessa dagana. Hún leikstýrir Mamma Mia í eigin þýðingu í Garðaskóla, Garðabæ, syngur í Le Sing sem er nú á sínu sjöunda leikári, og hóf nýverið æfingar á Söngvaseið í Borgarleikhúsinu þar sem hún leikur eina af nunnunum.

„Þetta er í sjötta sinn sem ég leikstýri í Garðaskóla og fannst tilvalið að taka Mamma Mia í ár. Það er mikil gleði og grín í þessu verki sem ég held að allir þurfi á að halda núna. Löggin eru líka svo skemmtileg að það er ekkert mál að þýða þau,“ útskýrir Þórunn sem syngur sjálf Abba-lög í Le Sing. „Við erum komin með nýtt prógram út af æðinu sem varð eftir Mamma mia-myndina, svo nú blöndum við fleiri Abba-lögum við 80's, Motown, diskó og söngleikjatonlist,“ bætir hún við.

Eitt af þeim fjölmörgu verkefnum sem Þórunn sinnir um þessar mundir er nýtilkomið samstarf hennar og Margrétar Kaaber leikkonu, en þær stöllu skipa dúettinn Clausen & Kaaber og koma fram við undirleik Stefáns Erniss

Gunnlaugssonar. „Við Margrét vorum búnar að ganga með það í maganum í heilt ár að búa til þessa karaktera og drifum í því eftir áramót. Persónurnar Clausen & Kaaber eru tvær bráðhuggulegar og brosmildar ungar konur sem hafa mikið dálæti á stemningunni og þeim stíl sem ríkti á árunum 1940-1960. Þær eru glæsilegar til fara, í tilheyrandi ballkjólum og koma fram við öll tækifæri og syngja lög sem slógu í gegn í kringum seinni heimsstyrjöldina, þekkt íslensk lög og Abba-lög í breyttum buntingi,“ segir Þórunn sem er orðin þaulvön að koma fram við ýmiss konar uppákomur því hún tekur einnig að sér veislustjórn með Soffíu Karlsdóttur söngkonu og eiginmanni sínum, Sigurjóni Brink tónlistarmanni.

Þórunn eignaðist sitt annað barn í apríl í fyrra og viðurkennir að vinnan krefjist mikils skipulags. „Það eru fjögur börn á heimilinu þegar mest er svo þetta er oft mikið þúsluspil því Sjonni þarf líka að komast á sínar tónlistaræfingar, en þá er gott að eiga góða móður og tengdafaeldra,“ segir Þórunn og brosir.

- ag

Abba-drottning Þórunn syngur Abba-lög í Le Sing og með Margrétu Kaaber, auk þess sem hún leikstýrir Mamma Mia í Garðaskóla í Garðabæ.



SALON REYKJAVÍK
Sími: 568 5305 • Grandagarði 5
Opið virka daga 9⁰⁰ - 18⁰⁰
Laugardaga 9⁰⁰ - 13⁰⁰

Magdalena Dubik nýkjörin Ungfrú Reykjavík:

Kærastinn er stoltur

„Hann er bara voðalega stoltur af mér,“ segir Magdalena Dubik, nýkrýnd fegurðardrottning Reykjavíkur, um Martin, kærastann sinn, sem er þýskur.

Magdalena hefur búið úti í Þýskalandi frá 17 ára aldri þegar hún flutti ein þangað til að fara í listháskóla í Hannover, en hún býr á Íslandi núna og gengur í Fjölbautaskólann í Ármúla. Martin er tónlistarmaður eins og Magdalena en þau hafa verið saman í tvö ár.

„Ég held að hann geri sér samt ekki grein fyrir þessu, fegurðarsamkeppnir eru miklu meira mál hér heldur en í Þýska-



Flott par Magdalena og Martin hafa verið saman í tvö ár, en hann býr í Þýskalandi og spilar á slagverk. „landi,“ segir Magdalena sem spilar á fiölu. „Martin kom hingað í heimsókn í febrúar og fékk að spila sem aukamaður hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands í viku, en hann spilar á slagverk.“

- íáh

Glæsileg Magdalena Dubik spilar á fiölu og gengur í Fjölbautaskólann við Ármúla.

UNGSTIRNI Aðeins 19 ára gömul er hin bandaríska Taylor Swift orðin ein vinsælasta kántrísöngkona heims. Hún var glæsileg að vanda þegar hún mætti á Echo Music Awards í Berlín á dögunum, klædd hvítri kápu og platformhælum.

föstudagur

Útgáfufélag 365 miðlar ehf. Forsíðumynd Arnþór Birkisson
Útlitshönnun Kristín Agnarsdóttir Auglýsingar Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir
sigridurdagny@365.is sími 512 5462 Föstudagur Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

fullt af öðrum tilboðum í gangi

komdu og sjáðu!

Matvara

50%

kaffi, te, kakó, olíur, hunang ofl.

Við bjóðum öll húsgögn með

20%

afslætti aðeins þessa helgi gildir ekki með öðrum tilboðum.

verð 49.900,-
nú aðeins
24.950,-

Río Grande húsgögnin á

50%

Aðeins þessa helgi eða meðan birgðir endast

verð 39.900,-
nú aðeins
19.950,-

GLERVASI
á aðeins 390,-

SILKIBLÓM
áður 790,-
nú aðeins 395,-

verð 69.900,-
nú aðeins
34.950,-

the
PIER

Ótrúlegtilboð!

Við bjóðum verslunina Bónus velkomna á Korputorgið og fögnum komu þeirra með glæsilegum tilboðum!

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

HEF ALLTAF ÞURFT AÐ TJÁ MIG

Katrín Rut Bessadóttir fjölmiðlakona er mætt aftur á skjáinn. Katrín er í sambúð með Helga Seljan fjölmiðlamanni. Hún segir þau sjaldnast ræða þjóðmálin heima fyrir en séu dugleg við að hrósa hvort öðru fyrir góða frammistöðu. Katrín og Helgi eiga dóttur saman og ætla að gifta sig næsta sumar.

Viðtal: **Índiana Ása Hreinsdóttir**
Ljósmyndir: **Anton Brink**

Við getum og ætlum að tala um það sem við viljum," segir Katrín Rut Bessadóttir fjölmiðlakona sem er ein af þremur nýjum stjórnendum þáttarins *Mér finnst sem sýndur* er á ÍNN. Þátturinn er lauslega byggður á bandaríska þættinum *The View* þar sem kjarnmiklar konur ræða málin og láta sér fátt óviðkomandi. Ásamt Katrínu koma þær Lára Ómarsdóttir og Bergljót Davíðsdóttir að þættinum og Katrín segir þær stöllum ólíkar og stúffullar af spennandi hugmyndum. „Það er mjög spennandi að taka þátt í þessu og við ætlum bæði að fjalla um það sem er efst á baugi hverju sinni og svo allar hinar hliðarnar á mannlífínu. Við ætlum að passa að vera vel undirbúna og líka að fá til okkar skemmtilega og fjölbreytta gesti," segir hún og bætir aðspurð við að ekkert umræðuefni verði þeim óviðkomandi. „Við erum til dæmis búnar að fjalla um „swing“-menningu á Íslandi og ég get alveg trúað því að við eigum eftir að kafa dýpra í það sem þykir á jaðrinum í samfélaginu. Við getum talað um allt kinnroðalaust enda hvorki feimnar né skoðanalasur," segir Katrín sem hóf sinn fjölmiðlaferil á DV árið 2004 og hefur einnig starfað á Stöð 2. Hún segir muninn á þessu starfi og hinum aðallega þann að nú megi hún allt. „Á hinum miðlumum er maður að miða hlutina út frá viðmælendum sínum en núna get ég sagt það sem mér finnst. Frelsið er meira, sem mér finnst mjög gott. Ég hef alltaf þurft að tjá mig mikið og hætti því eflaust aldrei," segir hún hlæjandi.

HRÓSA HVORT ÖÐRU

Katrín er í sambúð með Helga Seljan fjölmiðlamanni en þau kynntust á sínum tíma á DV. „Mér leist kannski ekkert svo vel á hann í fyrstu," segir hún og brosir. „Vinkonur mínar voru líka ekki hrifnar og héldu því fram að hann væri hættulegur og að þetta gæti



Óvænt bónorð „Við keyptum hringana saman á Jamaíka árið 2006 og ég var búin að steinglyma þeim þegar hann fór niður á bæði hné úti í móa þegar við vorum í sumarbústað," segir Katrín.

bara endað illa. Kannski voru það varnaðarorð þeirra sem létu mig halda áfram. Ég er svo þrjósk og þvermóðskufull að ég hélt áfram að vera með honum og hef ekki hætt síðan. Ekki bara samt vegna þrjóskunnar, hún þróaðist í eitthvað meira og dýpra," segir hún brosandí. Katrín segir þjóðmálin ekki ofarlega á lista yfir umfjöllunarefni heimilisins. „Við erum ekki mikið að tala um vinnuna okkar en ef ég hef misst af Kastljóspætti kvöldsins spyr ég hann út úr og svo öfugt ef hann hefur misst af mínum þætti. Við spurjum hvort annað álits og hrósum hvort öðru fyrir góða frammistöðu en leggjum ekki í vana okkar að gagnrýna hvort annað. Helgi er alltaf svo góður við mig og finnst ég alltaf æðisleg og ég tek bara mark á því. Hann er aldrei með neikvæða gagnrýni og styður mig í öllu sem ég geri. Við erum ótrúlega sammála þegar kemur að pólitík og þjóðmálum almennt svo við rífumst sjaldan um þess háttar málafni.“

MÓÐUREDLIÐ LENGI AÐ KIKKA INN

Helgi og Kata eiga saman dótturina Índíönu Karitas sem er 15 mánaða. Katrín segir yndislegt að vera mamma en að hún hafi þurft sinn tíma til að aðlagast hlutverkinu. „Auðvitað elskaði ég hana frá fyrsta degi en fæðingin var mjög erfið. Ég var mjög þung fyrstu mánuðina og þegar ég lít til baka er ég nokkuð viss um að ég hafi fengið vott af fæðingarþunglyndi. Ég var

gjörsamlega úr tengslum við raunveruleikann. Núna hefur móður-eðlið kikkað inn og ég er farin að njóta þess að vera mamma, þetta er ekki lengur bara skylda.“ Hún segist hafa verið lengi að jafna sig eftir fæðinguna. „Ég var líka svekkt því ég hafði hugsað mér fæðinguna á ákveðinn hátt en svo varð þetta allt öðruvísi. Ég ætlaði að fæða í vatni og vildi ekki fá nein verkjalyf en hlutirnir fóru alveg á hinn veginn enda fæðingin hæg og erfið. Fyrir vikið fannst mér ég ómöguleg og leið eins og ég væri misheppnuð," segir hún og bætir við að konur ættu ekki að gera sér of miklar hugmyndir fyrirfram varðandi fæðingar. „Þær gerast bara eins og þær gerast.“

FREKARI BARNEIGNIR Í DÆMINU

Katrín segir að þótt Índíöna Karitas hafi verið velkomin í heiminn hafi koma hennar ekki verið plönuð. Þau höfðu verið búin að ræða um barneignir og að þær hafi verið á dagskránni fljótlega en ekki svona fljótlega. „Helgi hefur alltaf verið mikill barnakarl. Hann nær vel til barna og þau eru hrifin af honum. Þess vegna var ég farin að hlakka til að sjá hann í pabba-hlutverkinu áður en ég varð ólétt. Hann kom mér heldur ekki á óvart og er mjög skemmtilegur pabbi," segir hún og játar því að Índíöna Karitas hafi breytt lífi þeirra skötu-hjúa. „Koma hennar breytti öllu. Bæði varðandi mig, sambandinu milli okkar Helga og öllu í lífinu en þetta er allt að smella núna," segir

hún og bætir við að hún hafi bætt á sig óþarflega mörgum kílóum á meðgöngunni sem hún hafi átt í erfiðleikum með að ná af sér. „Ég er að koma til baka núna og hef loksins endurheimt líkama minn og sjálfstraustið með. Svo verður maður alltaf sjóaðri í foreldra-hlutverkinu með tímanum. Þetta er ekki eins mikið mál og í byrjun. Núna er þetta bara gaman.“ Aðspurð hvort frekari barneignir séu á döfinni segir hún það ekki útilokað. „Ég rokka á milli þess að vilja bíða í nokkur ár og leyfa Índíönu að vera einni með okkur í smá tíma og svo í hina áttina að vilja klára barneignirnar svo hún eignist systkini og leikfélaga. Ég er samt svo ótrúlega glöð að hafa fengið mig sjálfa til baka að ég veit það ekki. Það væri samt gott að drífa í þessu áður en ég gleymi hvernig það er að vera með lítið barn.“

BÓNORÐ ÚTI Í MÓA

Hvorki Helgi né Katrín eru í Þjóðkirkjunni en þau ætla að láta pússa sig saman sumarið 2010. Þrátt fyrir að hafa hvorki ákveðið nákvæmlega stóra daginn né staðsetninguna hafa þau þegar fengið fyrstu brúðkaupsgjöfina. „Mamma fékk svo góðan díl á KitchenAid-hrærivél svo hún gaf okkur hana bara strax. Núna skreytir þessi glæsilega svarta hrærivél eldhúsið okkar," segir hún og bætir við að Helgi hafi komið sér á óvart með bónorðinu. „Við keyptum hringana saman á Jamaíka árið 2006 og ég var búin að steinglyma þeim

þegar hann fór niður á bæði hné úti í móa þegar við vorum í sumararbústað. Ég var í þykkri úlpu með Índíönu í poka framan á mér og hefði ekki getað verið lufsulegri með hárið út í loftið og Beagles milli tannanna og ídyfu úti um allt. Ég hafði sagt honum þegar við keyptum hringana að hann yrði að koma mér á óvart og hann hefði ekki getað það betur. Mig hafði stundum grunað að hann væri að fara að biðja mín og hafði þá alltaf vonað að svo væri ekki því þá kæmi það ekki á óvart. Þarna hefði bónorð ekki getað verið fjær mér," segir hún og hlær.

GÓÐ AÐ SKIPA FYRIR

Katrín er ekkert að mikla fyrir sér hlutina og vílar ekki fyrir sér að ræða um hvaða málefni sem er og það í sjónvarpinu. Hún segist ansi nálægt draumastarfinu enda sé draumurinn að vera sinn eigin herra. „Ég ætlaði alltaf að verða flugfreyja og búðarkona þegar ég var lítil en síðustu árin hefur draumur minn verið minn eigin rekstur, t.d. að reka gistiheimili uppi í sveit. Ég myndi þá vera með hænur, hesta, kýr og geitur en líka smá lúxus eins og heitan pott og gufu og ég held að ég yrði góð í að reka svona stað því ég er svo góð að skipa fyrir," segir hún hlæjandi. „Að vissu leyti er ég í draumastarfinu því mér er frjálst að tala um það sem ég vil. Ég er opin og ekkert að vandræðast með hlutina og finnst leiðinlegt að flækja lífið að óþörfu. Kannski á ég bara eftir að finna mína köllun í lífinu.“

bak við fjöldin
*

Hvort ykkar er duglegra að sjá um heimilisverkin?

H: Kata vinnur þá keppni, enda sú keppni ósanngjörn þar sem hún er í annarri deild en ég, enda húsmæðraskólagengin.

K: Ég. Helgi kemur þó sterkur inn í þvottahúsinu.

Hvort ykkar hefur oftart rétt fyrir sér?

H: Ég segi ég, en þar sem Kata hefur oftart rétt fyrir sér, þá ræður hennar svar.

K: Ég.



Lýstu Helga í einni setningu:

K: Ástríðufullur sveimhugi með ofboðslega réttlætiskennd.

Lýstu Kötú í einni setningu:

H: Hún skammar mig þannig að ég tek mark á því og hrósar mér þannig að ég tek mark á því.



Hvort ykkar talar meira?

H: Ég. Kata hefur hins vegar meira að segja en ég.

K: Helgi talar ótrúlega mikið. Ekki endilega við mig en endalaust í símann.

Draumafjölskylduferðin?

K: Við þrjú á Jamaíka eða í Madrid.

H: Hún er eitthvert burt héðan. Burt úr því sem Þórbergur Þórðarson kallaði forheimskunarland – fávitahæli, en er líkast til aftur orðið fátæktarland. Langt í burtu, helst til Indlands eða Jamaíka.



Það heitasta í vor- og sumartískunni:

Frelsið í fyrirrúmi

„Ég held og vona að tiskan í vor og sumar verði fjáls, bæði hvað varðar fót, fylgihluti og förðun,“ segir Sóley Ástudóttir, eigandi EMM school of make up, spurð um tiskuna á komandi mánuðum. „Í förðun verður vinsæll farði sem varla sést með smá „glow“ í og það verður svolítið um 80's look. Kóngablár og turkís augnskuggi verða mjög „inn“ og það nýjasta fyrir kinnar er gelkinnalitur sem fellur inn í húðina, en ekki kremaður eða púður kinnalitur. Eyelinerinn heldur áfram og daufir berjalitir á varimar,“ útskýrir Sóley.

„Hvað varðar klæðnað í vor og sumar, þá verður mikið um pastelitti og frjálst „look“ með blómamunstri og bjartari litum eftir gráan og kaldan vetur. Vor og sumar frá H&M minnir svolítið á Miami Vice, stórir jakkar, skyrturnar, síðir frakkar og svo framvegis. Það verður mikið um skyrturnar yfir peysu og stuttbuxur yfir leggings. Fólk mun gera meira af því að blanda gömlum fötum við ný, hugsa um um-

hverfið og endurnýja. Allt „print“ á eftir að minnka og það verður meira um lágstemmda liti, svolítið eins og að það sé búið að þvo flíkina oft,“ bætir hún við.

„Fólk á vonandi eftir að þora að blanda gömlum fötum við ný og prufa að vera aðeins meira skapandi þar sem buddan mun væntanlega ekki vera eins þung og áður fyrr. Það sem gerist þegar peningaflæðið minnkar er að fólk byrjar að hugsa og þar af leiðandi nota sköpunarhæfileikana og það sem er þegar til í skápnunum. Það heitasta í vor- og sumartískunni verður því ekki það nýjasta frá tiskuhúsunum, heldur sjálfstæðar konur í nýju „looki“ sem þær hafa skapað sjálfar heima hjá sér og er ótrúlega spennandi.“

- ag

Flott Sóley segir mikið frelsi fylgja vor- og sumartískunni, og vonar að konur eigi eftir að þora að skapa eigið útlit.



Dior

NUDE

NATURAL GLOW HYDRATING FOUNDATIONS
FPS 10 SPF

DIOR kynning föstudag og laugardag. Sérfræðingur frá DIOR kynnir nýjan farða og vorliti.

Falleg tilboð og kaupaukar.

LOOSE POWDER FLUID FOUNDATION

Lyf & heilsa
Kringlunni

Fibo-Trespo

Baðplötur

Nýtt!
Flísabaðplötur..
Auðvelt að setja upp..
Auðvelt að þrifa..



P. ÞORGRÍMSSON & Co
Ármúla 29 - Sími: 553 8640



Stærð: 600 x 2400mm

www.korkur.is

tíðin

* aldrei liðið betur

ROKKÓPERAN !HERO Söngleikurinn gerist í New York borg nútímans, í heimi þar sem Jesús hefur aldrei lifað. Hero fer að prédika fyrir borgarbúum að elska óvini sína og boðar nýtt líf, en ekki eru allir tilbúnir að taka við fagnaðarerindinu. Ekki missa af glæsilegri sýningu í Loftkastalanum í kvöld.

IDOL STJÖRNULEIT Ef þú vilt eiga kósýkvöld heima er um að gera að koma sér vel fyrir í sófanum fyrir framan sjónvarpið og horfa á Idol stjörnuleit á Stöð 2. Tuttugu keppendur eru komnir áfram og í kvöld riða stelpurnar tíu á vaðið. Þjóðin kys í símakosningu þær fimm stelpur sem komast áfram í úrslit.

EDINBORG

Guðný Ebba Þórarinsdóttir

BORGIN
mín

MORGUNMATURINN: Cafe Jacques í Grassmarket þar sem ég sveiflast á milli þess að fá mér skoskan morgunverð eða enskan. Ég er hrifnari af skoskum og þá fæ ég ristað brauð, black pudding, egg, potato scone og potato hash, beikon og steikta tómata og sveppi, að ógleymdu svörtu kaffi.



ÚT AÐ BORDA: Under The Stairs á Merchant Street rétt af Candlemaker Row. Þarna ríkir Boston/Kaffibars filingur og vita fáir af þessum stað. Innréttingarnar eru hlutir hver úr sinni áttinni og staffið skiptir út húsgögnum og myndum á veggjum og breytir matseðlinum reglulega. Ég fæ mér alltaf Red Stripe bjór og glápi á ástralska barþjóninn.

UPPÁHALDSVERSLUN: Armstrongs í Grassmarket er ein besta vintage búð í heiminum. Búin að vera í business síðan 1840 og endalaust hægt að gramsa þar. Mér skilst að Kate Moss versli þarna blessunin. Það er langskemmtilegast að versla í Grassmarket og á Victoria Street í eldri hluta Edinborgar og best að forðast Princes Street eins og heitan eldinn.

BEST VIÐ BORGINA: Borgin er svo falleg að þótt ég sé búin að vera hérna í meira en ár stend ég mig enn að því að stoppa á miðri götu og finnast ég eiga heima í ævintýri. Þú færð ekki leið á því að sjá kastala út um stofugluggann. Fólkíð hér er líka yndislegt.

BEST AÐ EYÐA DEGINUM: Vakna fyrir hádegi og fá sér morgunmat hjá Jacques. Hjálpa svo náunganum og gefa blóð uppi Blood Donor Centre á Lauriston Place. Hjúkurnar þar láta manni algjörlega líða eins og Móður Teresu eftir herlegheitin. Ef það er föstudagur fer ég á kreppusýningu á 3,50 pund í Filmhouse á Lothian Road og sé einhverja klassík. Fæ mér svo miðdegishressingu á Under The Stairs í góðra vina hópi.



TOPP
10

SIRKUS Þessi hestur var leikmunur í sýningunni Þjóðarsálin sem ég leikstýrði fyrir tveimur árum. Yngsti sonurinn skírði hann Sirkus.

TEYGJUR Það er þjóðráð að klippa niður gamlar sokkabuxur. Þá þarf maður aldrei að kaupa teygjur í hárið.

SIGRÚN SÓL ÓLAFSDÓTTIR

leikkona



TROMMUSETTID




KAFFI-KANNAN

SKÓR SEM ÉG KEYPTI FYRIR 12 ÁRUM Í SKÁTABÚÐINI

GÖMLU GÓÐU GLERAUGUN Í MÍNUS SEX

GULLKORNABÆKUR SONA MINNA. Þarna stírnir á gullið, varðveittar hugsanir og sníldartilsvör alveg frá því þeir byrjuðu að læra að tala fram til dagsins í dag.



ÁSTUNDARHNAKKURINN Ég keypti hann notaðan og hann er bara bestur.

Sofðu betur

SagaPro er fyrir þá sem hafa óeðlilega tíð þvaglát. Með **SagaPro** fækkar næturferðum á salernið og þar með færðu betri hvíld.



SAGAMEDICA
www.sagamedica.is

úr íslenskum Náttúruvara Lækningsjurtum

Fánlegt í lyfja- og heilsuvörverslunum og völdum stórmörkuðum

Selma Hafsteinsdóttir förðunarfræðingur:

HELDUR OPNA FÖRÐUNARKEPPNI

Keppnin í fyrra gekk svo vel að ég kákað bara að endurtaka leikinn og gera þetta ennþá flottara núna," segir Selma Hafsteinsdóttir 22 ára sem stendur fyrir förðunarkeppni miðvikudaginn 11. mars á Rúbín í Öskjuhlíð. Allir sem náð hafa átján ára aldri geta tekið þátt í keppninni, hvort sem þeir hafa lært förðun eða ekki.

„Sú sem sigraði í fyrra var ólærð, svo margir hafa þetta í sér án þess að vera búnir að læra förðun en

ætla kannski að gera það í framtíðinni," segir Selma sem lærði sjálf förðun hjá Snyrtiakademíunni og er að klára nám í hárgreiðslu. „Skjöldur Eyfjörð, Solla Airbrush og Sigga Þóra verða í dómnefnd og á staðnum verður meðal annars snyrtivörुकyning, tiskusýning frá Chamsry saumagallerý og Alan úr X-factor tekur nokkur lög," bætir hún við, en áhugasamir geta skráð sig með því að senda tölvupóst á timabil.keppni@gmail.com. - ag



Glæsileg Selma skipuleggur keppnina, en sigurvegarinn hlýtur glæsilegan verðlaunagrip, ljósmyndatöku, hárg og snyrtivörur.

HELLO KITTY í nýju hlutverki

Japanski teiknimyndakarakterinn Hello Kitty hefur öðlast nýja mynd í spennandi snyrtivörulínu frá MAC. Línan er tileinkuð kisu sem er nú orðin eitt þekktasta vörumerki heims. Hello Kitty sem hefur ávallt verið þekkt fyrir hvítt og saklaust útlit sitt er nú orðin djarfari og situr fyrir svört á litinn með svarta og bleika latexslaufu. Snyrtivörurnar í línunni bjóða upp á ótal möguleika, enda bæði litríkar og spennandi. Línan er væntanleg í verslanir MAC í lok mánaðarins og allar umbúðirnar eru sérmerktar Hello Kitty.



Litríkt Hello Kitty vörurnar hjá MAC koma í sérmerktum umbúðum



UPPLÝSINGAR UM
NÁM OG RÁÐGJÖF
FYRIR ATVINNULAUSA

MENNTATORG

ATVINNULAUS?

Föstudaginn 6. mars gefst þér tækifæri á að fá gagnlegar upplýsingar og ráðgjöf á Menntatorgi sem haldið er á vegum samstarfshóps um menntunarúrræði. Fjölbreytt dagskrá.

FÖSTUDAGINN 6. MARS

SKEIFUNNI 8, 2. HÆÐ

FRÁ KL. 14:00 - 18:00

DAGSKRÁIN

ÖRNÁMSKEIÐ

Hvert námskeið er 45 mínútur

- | | |
|----------------------------------|-----------|
| • Viðbrögð við atvinnumissi | kl. 14:00 |
| • Að koma sér á framfæri | kl. 14:30 |
| • Parketlagnir | kl. 14:30 |
| • GPS staðsetningartæki | kl. 14:30 |
| • Svefn og svefnbætandi ráð | kl. 15:00 |
| • Ítölsk matargerð | kl. 15:30 |
| • Lagnabekking | kl. 15:30 |
| • Ferilskrá – hvað skiptir máli? | kl. 15:30 |
| • Létt axla- og höfuðnudd | kl. 16:00 |
| • Úrbeining kjöts | kl. 16:30 |
| • Málsuða – kynning | kl. 16:30 |
| • Langar þig í nám? | kl. 16:30 |
| • Myndirnar þínar í tölvu | kl. 17:00 |

VINNUSTOFA

Hugmyndavinna um úrræði og bættá þjónustu vegna atvinnuleysis

- | | |
|----------------|-----------|
| • Vinnustofa 1 | kl. 15:00 |
| • Vinnustofa 2 | kl. 16:00 |

NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF

frá kl. 14:00 til 18:00

- Námsframboð
- Áhugasviðsgreiningar
- Ferilskrágerð
- Möguleikar á einstaklingsviðtölum
- Hagnýt ráð í starfsleit
- Raunfærnimat

KYNNINGAR OG REYNSLUSÖGUR

Hver kynning er 20 mínútur

- | | |
|--------------------------------------|-----------|
| • Menntatorg.is – vefur um nám opnar | kl. 14:00 |
| • Upplýsingar um stofnun fyrirtækja | kl. 14:30 |
| • Náms- og starfsráðgjöf | kl. 15:00 |
| • Raunfærnimat | kl. 15:30 |
| • Vottaðar námsleiðir | kl. 16:00 |
| • Úrræði fyrir lesblinda | kl. 16:30 |
| • Nýttu kraftinn | kl. 17:00 |
| • Deiglan, atvinnu- og þróunarsetur | kl. 17:30 |

UPPLÝSINGATORG

frá kl. 14:00 til 18:00

- Nýsköpunarmiðstöð
- Starfsmenntasjóðir
- Fjarnám á framhaldsskólastigi
- ÍÐAN- fræðslusetur
- Mímír-símenntun
- Hitt húsið
- Námsflokkar Reykjavíkur
- Námsflokkar Hafnarfjarðar
- Framvegis
- Fræðslumiðstöð atvinnulífsins
- Starfsmennt

ÞJÓNUSTUSKRIFSTOFA VINNUMÁLASTOFNUNAR

frá kl. 14:00 til 18:00

- Náms- og starfsráðgjöf
- Námsamningar
- Starfsþjálfun og reynsluráðning
- Námsstyrkir og námskeið

MENNTATORG verður haldið í Skeifunni 8, 2. hæð
frá kl. 14:00 til 18:00. Barnahorn og veitingar.
Allir velkomnir!



MENNTATORG

www.menntatorg.is



KLINGENBERG SPÁIR

Goran Kristófer Micic einkapjálfari

„Goran Kristófer Micic er fæddur 07.03.1962 sem er 28 og hann er því með lífstöluna 1. Talan 1 er leiðtogatala og hefur frumkvöðlaorku í kringum sig. Þegar maður er talan einn segir maður oft að maður sé ás og ásin er að sjálf-söggðu hæstur í spílastokknum. Ásarnir eru kappsfullir, ópolinmóðir, kraftmiklir og slyngir. Þeir eru trygglyndir fram úr hófi og er það mjög sjaldgæft að ásar eigi fleiri en einn maka, sérstaklega ef um konur er að ræða. Það er hins vegar oft á tíðum erfiðara að stjórna karlmönnum í

þessari tölu því sjálfstæðið drýpur af þeim.

Goran er að fara inn í skemmtilega tíð þar sem hann er á tölunni 3, sem þýðir að hann mun taka áhættur sem eiga eftir að borga sig. Hann er sterkastur þegar álagið er mest því hann er bardagamaður sem ekki er svo auðvelt að sigra. Hann ber hag fólks sérlega fyrir brjósti og orðið árangur er millinafn Gorans.

Kraftur ástarinnar er mikill í kringum Goran og hægt og rólega er hann að velja sér lífsförunaut. Hvort að það haldist um aldur og ævi er allsendis óvíst, en Goran hefur

sérstakan kraft til að lifa í núinu svo hamingjan blómstrar hjá honum, bæði í starfi og ástinni. Framundan eru mikilvægar ákvarðanatökur hjá honum vegna þess að yfirleitt eru breytingar mestar í kringum afmælisdaginn okkar, því það eru okkar áramót.

Þó Goran hafi markað nafn sitt sterkt í hugum Íslendinga þá getum við samt sagt að hann er bara rétt að byrja.“


www.klingenberg.is



FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

Heiðrún Lind Marteinsdóttir lögmaður

1



Vakna eftir góðan svefn, blanda girnilegan möndlu- og bláberjadrykk og les blöðin uppi í rúmi.

2

Rökti í Sundhöllina og ræði landsins gagn og nauðsynjar við heldri menn í pottinum.

3

Hitti vinkonurnar í hádeginu á Horninu.

Tylli mér á kaffihúsið í Máli&Menningu á Laugavegi og sök því mér í blaðalestur misgáfulegan. Kaupi mér svo auðvít að eitthvað fallegt þegar ég held heim á leið niður Laugavegin.



5

Efni til matarboðs með skemmtilegu fólki, þar sem jafnvel verður tekið fram Fimbulfamb eða Pictionary.



ÞAÐ ER KOMIÐ SUMAR 2009
OPNUM Í DAG MEÐ NÝJAR VÖRUR

Filippa K | Patrizia Pepe | Dreams | GK Reykjavík | Lee | Wrangler

KONUR OG MENN

SMÁRALIND
Mán. - Fös. 11-19.
Lau. 11-18. Sun. 13-18.

LAUGAVEGUR
Mán. - Fös. 11-18.
Lau. 11-16.

GK REYKJAVÍK